

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Hagnýt ritstjórn og útgáfa

Halldór Laxness og samband hans við þjóðina

Rýnt í samfélagsgagnrýnina í Alþýðubókinni

Ritgerð til MA-prófs í hagnýtri ritstjórn og útgáfu

Einar Sigurmundsson

Kt.: 220768-5389

Leiðbeinandi: Alda Björk Valdimarsdóttir

Janúar 2016

Ágrip

Halldór Laxness hélt sem ungur maður til Ameríku með þá hugmynd að gerast handritaskrifari í Hollywood. Hann hélt þangað árið 1927, þá tuttugu og fimm ára að aldri, og sneri heim aftur um áramótin 1930. Ekki varð neitt úr ferli hans í Hollywood, en hann settist niður og skrifaði allmargar greinar um hugðarefni sín þá stundina. Þessar greinar mynda bók sem heitir *Alþýðubókin*, og kom hún fyrst út árið 1929. Greinar þessar birta miklar skoðanir ungs manns og eru þær skrifaðar af mikilli íþrótt. Hugmyndin að umfjöllun um bók þessa er að sýna aðra hlið á skáldinu Halldóri Laxness, þá róttæku, en hún kann að vera ýmsum í dag nokkuð framandi. Einnig er *Alþýðubókin* sett í samhengi við leið Halldórs Laxness að verða skáld á íslensku – þjóðskáld.

Lítilega er sagt frá Halldóri í seinni tíð en síðan er rýnt í *Alþýðubókina* og grein gerð fyrir að hverjum gagnrýni hans beindist fyrst og fremst og hvaða lausnir hann hafði fram að færa. Hann vilar hvoki fyrir sér að taka fyrir frægar persónur, trúarbrögð og heilu þjóðirnar, en harðast gagnrýnir hann þó allt það sem amerískt er. Halldór sagðist hafa komið heim frá Ameríku sem sósíalisti og eru greinaskrif hans mjög lituð af því.

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Um hvað fjallar <i>Alþýðubókin</i>?	6
2.1	Bækur	7
2.2	Þjóðernið, skáldin og þjóðhátíðin 1930.....	12
2.3	Um þrifnað og búskap á Íslandi.....	17
2.4	Myndlist og kvikmyndir	20
2.5	Af amerískum siðum	23
2.6	Karl, kona, barn	25
2.7	Meistararnir í Austurlöndum og vér	27
3	Meginstef <i>Alþýðubókarinnar</i>	29
4	Niðurlag	33
5	Ritaskrá.....	34

1 Inngangur

Halldór Laxness sem fæddur var árið 1902 er einn virtasti rithöfundur Íslands og hefur hann einn Íslendinga hlotið hin virtu bókmenntaverðlaun Nóbels sem honum voru veitt árið 1955. Hann var mjög afkastamikill höfundur og telur ritverk hans 51 bók og hafa bækur hans verið gefnar út í meira en 500 útgáfum á ríflega fjörutíu tungumálum.¹ Hann skrifaði bæði skáldsögur, leikrit, ljóð, ritgerðir og greinar. Auk þess þýddi hann nokkrar bækur og kom að útgáfu annarra. Margar persónur hans eru þjóðþekktar og nægir þar að nefna Snæfríði Íslandssól, Ólaf Kárason Ljósvíking og Guðbjart Jónsson sem oftast er nefndur Bjartur í Sumarhúsum.

Nú eru tæpir tveir áratugir frá andláti Halldórs, en hann lést árið 1998 og það síðasta sem gefið var út eftir hann á prenti kom út árið 1987. Það voru dagbækur hans frá því hann dvaldi í klaustri sem ungur maður. Innganginn að þeirri bók er það síðasta sem Halldór skrifaði.² Seinni hluta ævi sinnar sat hann á Gljúfrasteini að því er virtist að mestu í sátt við allt og alla og var heimili hans og Auður Sveinsdóttur konu hans viðkomustaður margra gesta. Auður Jónsdóttir barnabarn þeirra segir svo frá: „Fólk frá öllum heimshornum. Sveitungar, kóngar, flækningar, listamenn, vinir, stjórnálamenn, blaðamenn, skáld og túristar. Alls konar fólk þurfti að hitta afa í ólíklegustu erindagjörðum. Svo margt að amma þurfti oft að leggja þrisvar á borð fyrir gesti á einum degi.“³ Þetta staðfestir Auður amma hennar í viðtali við Ólaf Ragnarsson útgefanda en þar segir:

Á tímabili virtist sem innlit á Gljúfrastein hafi verið fastur liður á dagskrá opinberra heimsóknna þjóðhöfðingja, ráðherra og menningarfrömuða hingað til lands [...] „Já“, segir Auður, „það komu hingað höfðingjar sem gaman var að kynna.“ Þið voruð í einhvers konar hálfopinberu gestgjafahlutverki um langt árabil að því er þetta varðar, segi ég. „Kannski má orða það svo og oft var þetta eina íslenska heimilið sem þessir gestir komu á.“ [...] Það hálfopinbera gestgjafahlutverk sem fyrir var nefnt hefði mögulega geta orðið opinbert þegar fram komu hugmyndir um að Halldór gæfi kost á sér í framboð til embættis forseta Íslands.⁴

Á seinni árum hefur Halldór orðið einhverskonar helgimynd og mætti helst halda að hann hafi alla tíð setið á friðarstóli. Sem dæmi um þetta má lesa eftirfarandi á vefriti sem nefnt er

¹ Samkvæmt upplýsingum sem lesa má hér:

http://www.gljufurasteinn.is/is/halldor_laxness/vi_og_verk_halldors_kiljans_laxness/

² Halldór Guðmundsson 2004, bls. 757.

³ Auður Jónsdóttir 2002, bls. 88.

⁴ Ólafur Ragnarsson 2007, bls. 244–245.

Druslubækur og doðrantar þar sem tveir aðstandendur vefsins fjalla um skáldið og eru að ræða verk hans *Kristnihald undir jökli*:

„KST: Það var nútímalegur tónninn og galgopalegur húmorinn sem kom mér mest á óvart þegar ég las *Kristnihaldið* fyrst. Þá hafði ég aðallega lesið þessar fyrri, epísku bækur Laxness og fannst eins og það hlyti að vera hans stíll, bæði af því hvernig bækurnar eru en líka af því að það passar við stöðu og ímynd Þjóðskáldsins að skrifa epískar og dramatískar skáldsögur. Ég er hrifin af ýmsu í þeim, sérstaklega *Íslandsklukkunni* af því að þar gengur hann svo langt með hina epísku dramatík, en *Kristnihaldið* höfðar til mín á einhverju öðru leveli. Hún er kannski líka sérstök í mínum huga af því að þegar ég las hana fannst mér fyrst eins og ég gæti verið að lesa „einhverja skáldsögu eftir einhvern höfund“ en ekki „Eitt Af Verkum Þjóðskáldsins“, skáldsögu á stalli sem er erfitt að nálgast eðlilega. Að vissu leyti finnst mér ennþá hálfskritið að við séum að bókablogga um bók eftir Halldór Laxness, eins og hverja aðra bók, án þess að vera sérfræðingar í Laxness eða hafa lesið hann komplett heldur bara sem almennir lesendur.

GEB: Já, ég er sammála þér. Hann hefur einhverja áru heilagleika, það liggur við að manni líði eins og við ættum í raun ekki að spjalla um hann afslappaðar eins og við erum núna, heldur þyrftum við helst að setja okkur í hátíðlegri stellingar. Og birta skrifin svo í virðulegu bókmenntatímariti. Sem væri góðra gjalda vert, en það er ábyggilega líka hollt að hrinda stundum virðulegum bókum nóbelskálða niður af stallinum.“⁵

Þarna er talað um „þjóðskáldið“ og „áru heilagleika“ og að óvígðir megi í raun ekki fjalla um svo virðulegt skáld. Það kemur greinendunum á óvart hversu galgopalegur tónninn í verkinu sé og svo framvegis. Þetta leiðir hugann að því að Halldór Laxness var langt frá því að vera heilagur á sínum yngri árum og notaði tækifærin óspart til að segja samlöndum sínum til syndanna og var það reyndar ekki bundið við hans eigin landa, heldur má segja sem svo að heimurinn hafi allur verið undir þegar að sá gállinn var á honum.

Erindi mitt í ritgerð þessari er að draga fram hinn róttæka Halldór Laxness og ætla ég í því sambandi að rýna í bók eftir hann sem kom fyrst út árið 1929 og heitir *Alþýðubókin*, en hún inniheldur greinar sem hann skrifaði um ýmis mál sem honum lágu á hjarta. Í þessum greinum finnur hann hjá sér þörf á að segja fólki til. Ég ætla að rýna í skoðanir hans og athuga að hverjum tiltekin gagnrýni hans beinist. Tilgangurinn er ekki síst að minna á hversu harður þjóðfélagsgagnrýnandi hann var þó að í dag sjái margir í honum eins konar landsföður sveipaðann áru heilagleika.

⁵ Kristín Svava Tómasdóttir: „Fabúlur HKL: Guðrún Elsa og Kristín Svava spjalla um *Kristnihald undir Jökli*“, 20. júlí 2013: <http://bokvit.blogspot.com/2013/07/fabulur-hkl-bokaspjall-um-kristnihald.html#more>. Samræðurnar eru á milli Guðrúnar Elsu Bragadóttur og Kristínar Svövu Tómasdóttur.

2 Um hvað fjallar *Alþýðubókin*?

Ekki þarf lengi að rýna í *Alþýðubókina* til þess að sjá hversu harður og gagnrýninn samfélagsrýnir Halldór Laxness gat verið og hversu mikið honum var niðri fyrir oft á tíðum þegar hann leiddi hugann að samfélagsástandinu á Íslandi. Í *Alþýðubókinni* fór hann aldrei milda leið, heldur beitti stílvopninu af fullum þunga svo að undan sveið og skipti þá litlu hvort hann beindi augum sínum að áveðnum einstaklingum eða samfélagshópum.

Alþýðubókin er safn ritgerða sem kom út 1929. Halldór Laxness hafði birt nokkrar ritgerðir áður í tímaritum og blöðum. Ritgerðirnar eru í eftirfarandi röð og tekið er fram hvar þær hafa áður birst, þ.e.a.s þær sem ekki eru frumbirtar í *Alþýðubókinni*.⁶

1. „Bækur“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
2. „Þjóðerni“. Birtist fyrst í *Heimskringlu* 31.10. 1928.
3. „Um Jónas Hallgrímsson“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
4. „Hin komandi þjóðhátíð vor 1930“. Birtist fyrst í *Alþýðublaðinu* 1.1. 1929.
5. „Um þrifnað á Íslandi“. Birtist fyrst í *Iðunni* 1928.
6. „Um búskap á Íslandi“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
7. „Myndir“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
8. „Kvikmyndin ameríska 1928“. Birtist fyrst í *Das neue Reich* 1929.
9. „Skemmtigarðarnir í San Francisco“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
10. „Inngangur að rannsókn á orsökum glæpa“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
11. „Syndin“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.
12. „Karl, kona, barn“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*, en tvo hluta ritgerðarinnar hafði Halldór áður birt sem sérgreinar. Annars vegar greinina „Átakanlegt“ í *Heimskringlu* 23.1.1929 og hins vegar „Um undirróðursstarfsemi vestrænnar auðvaldsgræðgi í Austurlöndum“ í sama riti, *Heimskringlu*, þann 27.2.1929.
13. „Spámenn og meistarar í Kaliforníu“. Birtist fyrst í *Heimskringlu* 9.5.1928 undir heitinu „Stóra bókin og meistarinn mikli. Halldór Kiljan Laxness talar við spámann í Kaliforníu“.
14. „Meistararnir í Austurlöndum og vér“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*, en hluti birtist áður í *Heimskringlu* 11.1.1928 og í *Alþýðublaðinu* 12.3 og 21.3. sama ár.

⁶ Þarna styðst ég við bók Árna Sigurjónssonar, *Laxness og þjóðlífið. Frá Ylfingabúð til Urðarsels*, bls. 176–179.

15. „Trú“. Birtist fyrst í *Alþýðubókinni*.⁷

Í þessari ritgerð mun ég skoða hvern kafla fyrir sig og greina í hverju gagnrýni Halldórs felst. Í lokin mun ég svo draga ályktanir og setja fram niðurstöður. Ég hef kosið að nota fjórðu útgáfu bókarinnar sem Mál og menning gaf út handa félagsmönnum sínum árið 1955 í tilefni þess að Halldór hlaut það ár bókmenntaverðlaun Nóbels. Í bókinni eru formálar sem höfundur ritaði fyrir aðra og þriðju útgáfu verksins. Í formála annarrar útgáfu segir Halldór m.a. að hann hafi „ekki talið rétt að leiðrétta í þessari útgáfu aðrar villur en þær sem mér fundust hrapallegar eða skaðlegar.“ Hann segist einnig hafa mildað tóninn dálítið frá fyrri útgáfu.⁸ Í formála þriðju útgáfu segist höfundur enn hafa farið yfir textann og vonar í kjölfarið að í bókinni séu nú „færri hæpnir staðir en í hinum fyrri útgáfum tveim.“⁹ Ég lít þannig á að þessi útgáfa sé sú sem Halldór taldi réttasta og mun ég því styðjast við hana í þessum skrifum mínum.

2.1 Bækur

Í ritgerðinni „Bækur“ skrifar Halldór fyrst og fremst um bókmenntir og menningarumræðu samtímans. Hann skiptir ritgerðinni niður í sex kafla og í fyrstu málsgrein skrifar hann þessi orð sem svo oft hefur verið vitnað til: „sannleikurinn er ekki í bókum og ekki einu sinni í góðum bókum, heldur í mönnum sem hafa gott hjartalag.“¹⁰ Hann segir að flest allar skáldsögur séu hið „hégómlegasta fleipur og loddaraskapur mikils til“¹¹ sem eigi í raun ekkert erindi til alþýðufólks. Hann segir að Knut Hamsun sé vont skáld og vitnar þar til eigin greinar sem hann ritaði í *Morgunblaðið* árið 1921. Þar lýsir Halldór yfir miklum vonbrigðum með bók Hamsuns *Konerne ved vandposten* og segir að „hún hefir orðið til þess að vekja hjá mér viðbjóð á skáldinu og ritmennsku hans.“¹² Í stuttu máli, þá segir Halldór þetta vera vonda bók en hann getur ekki látið það vera að hrósa Hamsun fyrir stílinn. Hamsun „stjórnar pennanum af dæmafárrni snilld“ og síðar segir: „Hennar einasti styrkur, álit ég að liggi í stílnum, já, eg efast um að honum hafi nokkurri sinni verið haldið með jafnföstu og óbifanlegu öryggi eins og á þessum 559 síðum.“ Í þriðja sinn nefnir Halldór stílinn og ritar: „Það skal endurtekið stílnum til hróss, að hann hefir til að bera frábær heilindi og frumleik, og eg hygg að hann beri

⁷ Hér verð ég þó að hafa þann vara á, að Árni Sigurjónsson minnst ekki á þessa grein í bók sinni.

⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 12–13.

⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 15.

¹⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 17.

¹¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 18.

¹² Halldór frá Laxnesi 1921, grein sem birtist í *Morgunblaðinu* 15. september.

vott um einna öruggasta leikni allra skrifandi manna á Norðurlöndum.¹³ Morgunblaðsgreinin er stóryrt og hvöss og Halldór sem þarna er 19 ára gamall hika ekki við að saka Hamsun um mannfyrirlitningu og kallar hann „listfengann villimann“, en árið áður en grein þessi birtist, hlaut Hamsun bókmenntaverðlaun Nóbels og hafði þá sent frá sér nokkra tugi bóka.¹⁴ Það má ráða af þessu að Halldór Laxness var ungur farinn að veita stíl í texta mikla athygli og að hann var snemma farinn að segja fólki til syndanna. Hann er við sama heygardshornið í greininni „Bækur“ og segir að Hamsun „sé auðvaldsseggur og afturhaldsdraugur“¹⁵ en bætir við:

Þó er ekki fyrir það að synja að til eru ágætari skáldsögur í heiminum, einsog Don Quijote. En slíkar bækur eru í rauninni ekki skáldsögur, heldur nokkurs konar guðspjöll manlegs lífs. Slík bók er líka Vefarinn mikli frá Kasmír, sem rituð var til að fræða börn og únglinga um alvörumál vor.¹⁶

Í öðrum hluta greinarinnar eyðir Halldór mestu púðri í að gagnrýna „auðvaldsblöð“ sem hafa ekki annað hlutverk en að slá ryki í augu alþýðufólks og segir eina reglu gilda í því sambandi: „alþýðumenn eiga ekki að lesa önnur fréttablöð en þau sem út eru gefin undir stjórn verklyðsflokkanna“.¹⁷

Í þriðja hlutanum er enn talað um skáldskap og fögur fræði og nefnir þá Halldór til sögunnar ljóð eða öllu heldur vísur „sem ég get raulað mér til afþreyingar [...]“. Tiltekur hann nokkrar vísur, m.a. tvær úr Göngu-Hrólfis rímum sem ortar voru af Hjálmari Jónssyni kenndan við Bólu sem fæddur var árið 1796 og aðrar alþýðuvísur. Þessar vísur og aðrar sambærilegar segir Halldór vera fyrir alþýðufólk og séu þær af þeim sökum miklu betri heldur en sálmar og vonar hann að „ekki verði framar samsett ný sálmabók.“¹⁸ Þarna eru strax komin tvö meginstef *Alþýðubókarinnar*, að vara við auðvaldinu og trúmálum hverskonar.

Halldór helgar *Bókinni um veginn* eftir Lao-Tse megnið af fjórða kafla greinarinnar og segir að hún sé „merkilegasta bók sem nokkru sinni hafi verið rituð í heiminum“,¹⁹ en hún hafði fáeinum árum fyrr komið út á íslensku í þýðingu Jakobs Jóhannessonar Smára og Yngva

¹³ Halldór frá Laxnesi 1921, grein sem birtist í *Morgunblaðinu* 15. september.

¹⁴ Nýleg ævisaga um Hamsun á ensku er Ingar Sletten Kolloen, *Knut Hamsun: Dreamer & Dissenter*, New Haven: Yale University Press, 2009.

¹⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 20.

¹⁶ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 20.

¹⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 22. Ath. „verklyðsflokkanna“ er ritað svo í bókinni.

¹⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 27.

¹⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 30.

Jóhannessonar.²⁰ Halldór Laxness ritar formála að annarri útgáfu. Þar þakkar hann þýðendum fyrir að hafa „íslenskað bók sem ég hef vitnað í oftar en nokkra aðra bók á rithöfundarferli mínum“ og síðar ritar hann:

Eitt er víst, þegar bókin kom á íslensku tveim árum síðar fanst mér ég hitta fyrir gamlan vin sem hefði einlægt verið hjá mér í andanum síðan við sáum seinast. Þó hélt mart áfram að vera mér óskiljanlegt í þessum texta, og er enn; en það er gott að eiga vin sem er bæði viturri og mentaðri en maður sjálfur, og ég held fáir komist nokkru sinni lengra í skilningi þessarar bókar en svo að skynja að hún, eða réttara sagt höfundur hennar, er slíkur vinur.²¹

Í bók þessari má lesa forna speki sem nefnd hefur verið Tao. Um þá speki má lesa í eftirmála annars þýðanda bókarinnar á íslensku. Þar segir meðal annars:

Þungamiðjan í riti Lao-tse er Tao, hið órannsakanlega upphaf og viðhald alls, leyndardómur tilverunnar. Honum finnst það vera blíður og velviljaður máttur, sem menn þurfi að reyna að komast í samræmi við. Orðið Tao þýðir eiginlega vegur og virðist upphaflega tákna starfsemi hins órannsakanlega, sem öll tilveran hvílir á. Jafnframt hefur verið farið að nota orðið um sjálft hið dularfulla vald, sem ávallt er að starfi [...] Það verður lífslistin, að lifa í samræmi við Alvaldið.²²

Halldór sneri sér síðar að þessari speki og segir á einum stað að hann hafi verið taóisti mestan hluta ævi sinnar.²³

Fimmta kaflann hefur Halldór á að skensa Háskóla Íslands fyrir að kenna prestum guðfræði sem hann nefnir „fornserkneskar trúargrillur“ og segir að „tilvist þessa kennarastóls sé ein háðuglegasta níðstaung sem menningu norræns kyns hefur verið reist í hennar konungdæmi.“²⁴ Hann telur að það færi betur fyrst að Háskólinn vill „fræða íslendinga um afrek júða í hug og heimi“, þá ætti hann að kenna merkari höfunda svo sem Spinoza og Einstein og klykkir út með að segja: „Slíkur kennarastóll gæti sem sagt orðið þjóðinni til nokkurs viðgánga þar sem biflían er mönnum aðeins til leiðinda.“²⁵ Halldór telur að Íslendingar eigi sjálfir nóg af kynjasögum í eigin ranni og þurfi ekki að leita annað og nefnir í

²⁰ Lao-Tse, *Bókin um veginn*, þýð. Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson, Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalíelssonar, Félagsprentsmiðjan, 1921.

²¹ Halldór Laxness 1971. Formálsorð, bls. 8.

²² Yngvi Jóhannesson 1971, bls. 88–89.

²³ Halldór Kiljan Laxness 1959. Þetta ritar hann í grein frá 1957 sem heitir „Þessir hlutir – eða tónlist af strengjum“ og birtist hún í *Gjörningabók*. Í greininni segir hann frá ferð til Kína og ræðir í því sambandi um Tao.

²⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 31.

²⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 32.

Því sambandi söguna af manningnum sem kom heim í manndrápshríð með fisk á bakinu, rataði á strompinn á húsi sínu „og pompaði niðri eldhúsið þegar alla varði minst.“²⁶ Hann segir þetta mikið betri sögu en frásögnina af Kristi þegar hann mettaði fimm þúsund manns.

Það má segja að þarna sé skammt stórra högga á milli því að fimm árum áður en þetta er ritað, þá var sá sem þarna heldur á penna skírður Halldór Kiljan Maria-Pierre Laxness í Saint Maurice de Clervaux – klaustrinu í Lúxemborg. Það er freistandi að birta hér það sem hann ritaði í klausturdagbók sína þann 29. júní 1923:

Við menn sem haft hafa nafnaskifti á höfuðskepnunum og kalla eldinn vatn en loftið láð er erfitt að tala. Að nefna kirkjuna kapítalistafélag er hub jafnviturlegt og að nefna bolsjevismann kirkjudeild.²⁷

Þarna er hann í raun að segja að við þá menn sem snúi hlutunum á hvolf sé ekki hægt að eiga orðaskipti við, en það er í raun einmitt það sem hann gerir sjálfur. Hann tilfærir fræga biblíusögu og segir hana mun verri sögu en íslenska kynjasögu sem mun færri þekkja. Það sama má sjá í tilvitnuninni hér á eftir. Þar snýr hann trúnni upp á bolsévisma og er kominn í mótsögn við það sem hann áður hélt fram. Hann líkir einnig kirkjunni óhikað við kapítalistafélag í grein sinni „Myndir“ þar sem hann segir hlutverk kirkju og kapítalista vera það sama, að hafa peninga af fólki og nánar er minnst á hér síðar. Í greininni „Bækur“ útleggur Halldór guðsorð á þennan veg:

[...] „leitið fyrst guðs ríkis og hans réttlætis og mun þá alt þetta veitast yður“. En það þýðir: fyrst ber oss að breyta þjóðfélagsskipuninni, annað hvort með lögum eða ólögum, og stofna ríki jafnari hagsmuna, en eftir það munu allir fagna nægri og hollri fæðu, sæmilegum fötum, þriggja herbergja íbúð með rafmagni og baðherbergi, vönduðu uppeldi, hamíngjusömum ástum og heilbrigðari skoðun á lífinu [...]”²⁸

Áfram er haldið í að tala niður það sem í Biblíunni stendur og segir skáldið að frásögn Eiríks Ólafssonar frá Brúnum í Rangárvallasýslu sem fór til Utah og tók upp mormónatrú sé miklu betri en „Postulanna Gjörningar“. Eiríkur átti síðar eftir að verða fyrirmynd Steinars í Hlíðum í skáldsögunni *Paradísarheimt*.²⁹ Það sem skilur þó á milli Eiríks og postulanna er að Eiríkur lét af trúnni á gamalsaldri, og kann það að vera það sem Halldóri þótti vera betra í þeirri sögu. Halldór Guðmundsson segir að með ritun *Paradísarheimtar* hafi Halldór Laxness gert upp sitt

²⁶ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 32.

²⁷ Halldór Kiljan Laxness 2002, bls. 158.

²⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 33.

²⁹ Sjá nánar t.d. Halldór Guðmundsson 2004, bls. 651–654.

eigið líf og segir eftirfarandi ummæli hans eiga bæði við kaþólskuna og kommúnismann: „*Paradísarheimt* er að verulegu leyti sótt í lífshlaup mitt. Ég hljópst að heiman, elti ólíkar hugmyndir og fór í gegnum gerólík stig. Það sem ég hélt þá rétt, reyndist rangt.“³⁰

Í niðurlagi kaflans fer Halldór að bera saman þá Pál postula og Þórberg Þórðarson og er samanburðurinn allur Þórbergi í hag. Hann er þar sagður ágætur mannvinnur, dýravinnur og alþýðlegur í hugsun og umfram allt er Þórbergur „skipulegri stíllari“. Enn er Halldór að rýna í og rannsaka stílbrögð. Að lokum segir Halldór hugsun postulans vera dæmi um risavaxinn grillufángara, „en aðalstyrkur Þórbergs er fólgin í hinum einföldu og réttmætu kröfum hans um endurbætur á atvinnuvegunum.“³¹ Ekki var alltaf mjög kært á milli þeirra Halldórs og Þórbergs og oft flugu sendingar á milli þeirra sem ekki voru alltaf fallegar. Má þar nefna ritgerð Halldórs „Kaþólsk viðhorf“ sem öll snýr að því að leiðrétta og mótmæla því sem Þórbergur skrifaði um kaþólsku kirkjuna í bók sína *Bréf til Láru*. Halldór segir þarna skrifað af „glórulausri hatursástríðu“ og að kaflinn sé „frá upphafi til enda eitt óslitið ofsóknarflan manns sem er um skoðanir sínar á kirkjunni ósjálfstæður þræll óvandaðra rógbera.“³² Hins vegar hefur Halldór alltaf auga fyrir góðum stíl og segir:

Ég get ekki látið hjá líða, áður en leingra er haldið, að dást að hinni næmu handlægni í framsagnarhætti sem bók Þórbergs ber vitni um; sem fákunnandi stéttarbróðir hans í bókritun fæ ég ekki orða bundist um þá aðdáun. „Bréf til Láru“ sýnir snúningssliprara túngutak og þjálfaðri smekk fyrir frásagnarfegurð en títt er meðal þeirra er skrifa í lausu máli hér. Ímyndunarafli mannsins hefir ótrúlega spennivídd og málstakurinn býsna litauðgur; [...] mikill hluti bókarinnar er auðug náma fyrir þá sem stunda sálarlíf rutlaðra manna, og nær ritsnilld hans hámarki í þeim köflum.³³

Í bók Halldórs Guðmundssonar *Skáldalíf* er dálítið fjallað um samskipti þessara heiðursmanna og það hvernig Þórbergi þótti stíll Halldórs alltaf vera tilgerðarlegur og að ekki var sá fyrrnefndi neitt „andaktugur“ þegar sá síðarnefndi fékk Nóbelsverðlaunin.³⁴ Þeir kynntust upphaflega í gegnum Erlend Guðmundsson í Unuhúsi og urðu samskipti mikil í kjölfarið. Fóru þeir saman í gönguferðir, leikhús, á málverkasýningar og stunduðu langar kaffihúsasetur.³⁵ Þegar á leið og Halldór fór að gefa út verk sín í stríðum straumum virðist

³⁰ Halldór Guðmundsson 2004, bls. 651. Nánar má lesa um ritun *Paradísarheimtar* bls. 650-654.

³¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 34.

³² Halldór Kiljan Laxness 1925. Hér tekið úr *Og árin líða*, bls. 188.

³³ Halldór Kiljan Laxness 1925. Hér tekið úr *Og árin líða*, bls. 192-193.

³⁴ Halldór Guðmundsson 2006, bls. 380-383.

³⁵ Sjá Pétur Gunnarsson 2007, bls. 177-178.

gæta afbrýðisemi hjá Þórbergi og er hann „iðinn við tuðið þegar skáldsögur Halldórs eru annars vegar [...]“.³⁶

Sjötta og síðasta hluta ritgerðarinnar nefnir Halldór „Niðurlagsorð“. Þar gerist hann ákaflega auðmjúkur og setur sig niður á plan alþýðunnar. Hann skilur sig frá því fólki sem hann kallar „feita kaupmenn, ómentaða háskólakennarara“ og „fýldar auðvaldskellíngar“. Hann segist hafa talað við alþýðufólk og segist sjálfur vera einn af þeim. Hann þakkar samskipti sín öll við þetta góða fólk og segir að ef einhver vilji þakka honum eitthvað sem á þessum síðum standi, þá muni hann svara „einsog skáld nokkurt utanlands komst að orði við ástmey sína, er hún vildi þakka honum syrpu af ljóðum:

„Ó, þakka þú mér ekki fyrir þessi ljóð,“ mælti hið þýska skáld. Mér ber að þakka þér. Þú varst sú er gafst, – ég sá er geld. Öll þessi ljóð eru ljóð þín. Alt sem ég gerði var að lesa þau út úr bjarma augna þinna.“³⁷

Sömu tilvitnun notaði Halldór er hann flutti þakkarávarp úr brúnni á Gullfossi þegar að mannfjöldi hyllti hann heimkominn með bókmenntaverðlaun Nóbels í farteskinu, þann 4. nóvember 1955.³⁸ Þetta er ljóð úr ljóðabókinni *Mein Herz ist am Rheine* eftir Þjóðverjann Wolfgang Müller von Königswinter.³⁹ Það kom fyrst út 1857 og heitir á frummálinu „Kennst du die eignen Lieder nicht?“ Þarna þakkar Nóbelsverðlaunahafi alþýðu Íslands og þjóð sinni fyrir efniviðinn í skáldskap sinn og festir sig þar með rækilega í sessi sem þjóðskáld.

2.2 Þjóðernið, skáldin og þjóðhátíðin 1930

Önnur ritgerðin í *Alþýðubókinni* heitir „Þjóðerni“, og er hún í átta köflum. Í þeim fyrsta segir Halldór frá Sigurði Kristófer Péturssyni⁴⁰ og skoðun hans á því að vera Íslendingur. Halldór sagði honum að hann væri þreyttur á sífellið þjóðernisskvaldri og kvaðst „ætla að starfa á

³⁶ Pétur Gunnarsson 2009, bls. 212. Pétur kemur oft inn á samband þeirra í bókum sínum um Þórberg Þórðarson, sérstaklega í seinna bindinu *ÞP – Í forheimskunarlandi* bls. 206–214.

³⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 36.

³⁸ Sjá nánar:

http://www.gljufurasteinn.is/is/halldor_laxness/nobelsverdlaun/endurnyjadi_storbrotna_islenska_frasagnarlist/

³⁹ Sjá nánar: https://de.wikipedia.org/wiki/Wolfgang_M%C3%BCller_von_K%C3%B6nigswinter

⁴⁰ Sigurður Kristófer Pétursson (1882–1925) lést á holdsveikraspítalanum í Laugarnesi þremur árum áður en *Alþýðubókin* kom út. Sigurður er þekktastur fyrir verk sitt *Hrynjandi íslenskrar tungu* (Reykjavík: Útg. Steindór Gunnarsson, 1924).

hugsjónagrundvelli alheimsborgarans framvegis.⁴¹ Sigurður segir þvert á móti að sér sé ætlað að vera Íslendingur og færir fram rök með því sem Halldór felst á.

Í öðrum kafla segir frá eldri hjónum sem voru samferða Halldóri á skipi frá New York til Hamborgar. Hjónin höfðu megnið af sinni ævi búið í námunda við Milwaukee og stundað búskap, ásamt því að koma upp börnum. Nú voru þau orðin fullorðin og á leið heim til síns ættarlands fyrir fullt og allt, fimmtíu árum síðar. Þetta verður Halldóri tilefni þessara orða: „Bandið milli mannsins og landsins sem hann er vaxin úr, einstaklingsins og stofnsins sem hann stendur á, er sérhverri mannlegri ástríðu sterkara.“ Vitnar hann svo í þýðingu Sveinbjarnar Egilssonar á rómverska skáldinu Ovíd og segir: „Römm er sú taug er rekka dregur föður túna til.“⁴²

Í þriðja kafla fer Halldór að bera saman hús í Kaliforníu og sveitabæ á Íslandi. Hann segir að þó fínu húsin í Ameríku séu glæsileg þá séu þau full af glingri sem skorti allan persónulegan blæ og kallar það „gröf einstaklingsleysisins, tilfinningaleysisins, nauðsynjaleysisins, söguleysisins, veruleikaleysisins og örlagaleysisins.“⁴³ Hann talar einnig um „skran“ og „innantómt glys“ í þessu sambandi: „Kuml þetta birti mér harmsögu Ameríku í einni sjónhendingu.“⁴⁴ Halldór sér sveitabæinn íslenska hins vegar fyrir sér í mjög svo rómantísku og upphöfnu ljósi þar sem malandi köttur situr á syllunni, vögguljóð rauluð, börnum kennd fjallanöfn og „varð hvert örnefni í landareigninni að persónu, og svipur landsins speglaðist í sjálfum okkur líkt og í tæru vatni, og málfar okkar fékk einkenni sem tekið hafa keim af viltum jurtum.“⁴⁵ Þarna birtir hann miklar andstæður. Annars vegar fólkið í Ameríku sem sækist fyrst og fremst eftir vindi og hégóma. Hins vegar er alþýðufólk af bændastétt á Íslandi sem þarf ekki glys, heldur lifir í sátt við landið og lærir að tala gott íslenskt mál.

Í kafla fjögur segir Halldór frá fimm daga lestarferð sinni til Ontario í Kanada. Honum þótti sem hann hefði aldrei verið meiri útlendingur eða fjær „menníngaráttögum“ sínum en þarna. Í lestarferð þessari orti hann kvæðið „Ontario“ sem hljóðar svo:

⁴¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 37.

⁴² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 40.

⁴³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 42.

⁴⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 42.

⁴⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 43.

Eimlestin flytur einatt þreyttan mann
með átta tennur gulls og mjóa fingur;
Abdúlla reykir, ice-cream étur hann.
Er ekki sál hans skrytinn vítahringur?⁴⁶

Ekki er hann fyrr kominn alla þessa leið burt frá ættjörðinni þegar honum er boðið í gullbrúðkaup í sal íslensku kirkjunnar á staðnum og „var ég alt í einu staddur í umhverfi þar sem íslenskt mál var talað með sveitahreimi að heiman og augljós íslensk kynfesta í andlitum, vaxtarlagi og fasi;“⁴⁷ Þarna heyrði hann íslenska konu, frú Hall, syngja „Tárið“ eftir Kristján Jónsson með „ómenguðum skilnínghi“ og verður öll þessi upplifun til þess að Halldór skrifar smásöguna *Nýa Ísland*. Í þeirri sögu segir frá Torfa Torfasyni sem flytur með fjölskyldu sína frá Íslandi til Kanada. Þetta er mikil harmsaga þar sem barnadauði og mikið basl setur svip sinn á allt þeirra líf eða eins og Torfi segir á einum stað: „Ojá, við tókum okkur upp þarna að heiman frá sæmilegri afkomu og fórum hingað í þetta helvítis-ekkisens bjálkakofastand hér, ojá.“⁴⁸ Allt styður þetta skoðun Halldórs um að grasið sé ekki alltaf grænna hinum megin.

Fimmti kafli ritgerðarinnar hefst á þessum orðum:

Oft hefur það verið látið í veðri vaka á Íslandi að íslensk alþýða hafi himinn höndum tekið vestra og búi þar við sældakjör. Blekkíngar af þessu tagi eru næsta glæpsamlegar. Verður yfirleitt ekki of mjög slegið á þann kjafthátt, sem amerísk þjóðlygi heldur mjög að íbúum Ameríku sjálfrar, og ekki síður prédikuð í öðrum löndum heims, að hér baði menn í rósum. Hið gagnstæða er raunin.⁴⁹

Síðan hefst upptalning á tölum frá „vinnuhagstofu Bandaríkjanna“ um atvinnuleysi og auk þessa vitnar hann í tölur úr amerískum gáfnaprófum sem segja honum „að ekki minna en sjötíu menn af hverju hundraði sem alast upp hjá þjóð þessari eru hálfvitar.“⁵⁰ Ekki bætir úr skák að „verðmæti andlegrar menningar eru eingin umtalsverð í Ameríku, né aðrir þeir gerendur er til þarf að skapa þjóðerni, nema ef vera skyldi Negro Spirituals.“⁵¹ Snýr skáldið sér þvínæst aftur að vesturförum íslenskum og hnykkir á þeirri skoðun sinni um að þeir

⁴⁶ Kvæðið birtist í *Kvæðakveri* 1930. Abdúlla er sígarettutegund.

⁴⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 44.

⁴⁸ Sagan birtist fyrst í bókinni *Fótatak manna* 1933. Hér er vitnað til annarrar útgáfu frá 1977 í bókinni *Þættir*, bls. 206.

⁴⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 45.

⁵⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 46.

⁵¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 46.

fólksflutningar hafi ekki gefið fólki því „annað lífsinntak en þrældóminn einan, ófrjóan og glórulausan [...]“⁵²

Ekki er nú samt allt slæmt í útlöndum og segir sjötti kafli frá því að best sé að sækja sér þekkingu til annarra þjóða. „Ber oss síðan að hagnýta þekkingu vora á grundvelli íslenskrar reynslu, íslenskra þarfa og þess sálarlífs sem oss er áskapað.“⁵³

Í sjöunda kafla segir frá íslenskri menningu og segir að þar „sé dagur að rísa“. Í því sambandi er nefndur Einar Jónsson myndhöggvari og verk hans *Dögun*. Þetta var ekki í eina sinnið sem Halldór lýsir ánægju yfir verkum Einars og má geta þess að höggmynd Einars af *Útilegumanninum* var nýtt á kápumynd á seinna bindi skáldsögunnar *Sjálfstætt fólk* og á þar að sýna Bjart leggja upp á heiðina með dóttur sína í fanginu.⁵⁴ Freistandi er að halda því fram að síðast en ekki síst hafi Halldór einnig verið að hugsa um sjálfan sig og komandi verk sín þegar hann sér íslenska menningu í blóma.

Í áttunda og síðasta hluta ritgerðarinnar „Þjóðerni“ snýr hann málinu að sér persónulega og segir í grófum dráttum frá því sem hann hefur lært á lífsleið sinni og ferðalögum um veröldina, allt „í örvæntingarnauðsyn til að bjarga lífi mínu.“⁵⁵

Ég hef horft í dýpri alvöru en flestir aðrir á tvírætt andlit sfinxarinnar. Ég veit eingan núlifandi íslending sem af viðlíka auðmýkt og kurteisi né í hreinni tilgáangi hafi sest að fótum meistaranna en sá er ritar þessar línur. Og satt er það – eingan hef ég heldur vitað verða fyrir sárari vonbrigðum.

Það er greinilegt á þessum orðum að Halldór þjáist ekki af neinni minnimáttarkennd. Þetta er niðurstaða Halldórs af því að hafa ferðast um Evrópu og kynnt sér það helsta sem andleg samtímamenning hennar hafði upp á að bjóða, hvort sem að var í listum eða trúmálum. Hann er hinsvegar ákaflega bjartsýnn á framtíðarmenningu Íslands og nefnir þar til bæði það sem að hinu daglega lífi snýr og telur svo upp ýmsa listamenn íslenska máli sínu til stuðnings og

⁵² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 47.

⁵³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 49.

⁵⁴ Sjá nánar, Halldór Guðmundsson 2006, bls. 365–366. Sjá einnig umfjöllun um Einar Jónsson þegar fjallað er um ritgerðina „Myndir“ hér á eftir.

⁵⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 51.

klykkir út með því að rita: „Í hverju úngu íslensku brjósti ríkir yndislegur grunnur þess að mikið sé í vændum.“⁵⁶

Jónasi Hallgrímssyni er tileinkuð ritgerð í *Alþýðubókinni*. „Það er skoðun mín, að vér Íslendingar höfum aldrei átt betra skáld en Jónas Hallgrímsson.“⁵⁷ Halldór segir frá því hvað það er í skáldskap Jónasar sem sé svona einstakt. Hann segir Jónas vera „málsvara fagnaðar þess og fegurðar sem einkennir íslenskan hversdagsleik“⁵⁸ og þess vegna hafi hann ekki þurft að játa ást sína á landinu með eins „geystum fögnuði“ og önnur stórskáld. Nefnir hann þar brot úr kvæðum eftir Steingrím Thorsteinsson og Matthías Jochumsson í því sambandi. Í sjötta og síðasta kafla ritgerðarinnar um Jónas, kallast skrif Halldórs á við það sem hann ritaði í ritgerðinni sem ber heitið „Þjóðerni“. Það er „stórborgin sem fóstrað hefur skáldgáfu Jónasar Hallgrímssonar og komið henni til þroska, og er hann í því eingin undantekning frá öðrum stórskáldum heims.“⁵⁹ Á hann þarna við hina fornu höfuðborg Íslands, Kaupmannahöfn.

Þarna rifjar Halldór upp atriði frá Þjóðhátíðinni 1874 og segir frá því þegar konungur Danmerkur kom í heimsókn af því tilefni. Þá hafi fátæk börn verið falin svo að hátignin sæi ekki hvað þau væru illa til fara: „Konungurinn stendur á plássinu, en framtíðarvon þjóðarinnar er lokuð inni í kotunum við sjóinn, enda hófust ameríkufarirnar sælu upp úr þeirri hátíð.“⁶⁰ Þarna er fast skotið, væntanlega í þeim tilgangi að þetta megi ekki gerast aftur á komandi þjóðhátíð og svo í lokin hnýtir hann hinum „sælu“ ameríkuförum við, en álit hans á þeim hefur þegar komið skýrt fram.

Segja má að Halldór lofsyngi þarna það sem íslenskt er en hann bendir jafnframt á að gott sé að sækja sér þroska til annarra þjóða. Ekki eiga Íslendingar heldur að skammast sín þó hátignir komi í heimsókn heldur standa keikir og halda fram því sem íslenskt er og bera framtíðarvon landsins í brjósti.

⁵⁶ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 53.

⁵⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 55.

⁵⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 59.

⁵⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 65.

⁶⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 69.

2.3 Um þrifnað og búskap á Íslandi

Næstu greinar eru merkilegar fyrir margra hluta sakir. Í þeirri fyrri, „Um þrifnað á Íslandi“, sker hann upp herör gegn sóðaskap Íslendinga. „Ástæður óþrifnaðar er, að frátöldum fábjánahætti eða sinnisveiki, yfirleitt fátækt eða þekkingarleysi. En fátækt og þekkingarleysi fer mjög saman einsog allir vita.“⁶¹ Grein þessi er mjög harðorð og hvergi dregið af: „Þótt alkunnugt sé að Íslendingar eru náttúraðir fyrir óþverraskap, spillir ekki að á málga þessa heimsfrægð vora einu sinni enn. Verður þá fyrst að minnst á þá ósvinnu sem lýsir sér í leti þeirra að hirða líkama sinn.“⁶² Halldór Guðmundsson segir í bók sinni um Halldór Laxness:

[...] ritgerðin um þrifnað sem gekk gersamlega fram af mörgum Íslendingum vegna orða Halldórs um tannhirðu og alls kyns ömurlega ósiði að ekki sé minnst á hið þjóðmenningarlega hneyksli sem honum þykja hífýli Íslendinga.⁶³

Halldór Laxness skiptir ritgerðinni í átta kafla og gefur hverjum um sig heiti sem er alllýsandi fyrir það sem hann tekur fyrir í hverjum kafla fyrir sig. Þeir heita: „Inngangur“ þar sem segir frá að hann hafi áður birt grein þar sem hann sagði frá að íslensk alþýða ætti rétt á að búa í góðum húsakynnum og að „fátæktin sé glæpur allra glæpa.“⁶⁴ Annar kaflinn ber heitið „Fræðimaður hártogaður“ og mótmælir Halldór þar kenningu sem Ellsworth Huntington hafði sett fram um að Íslendingar séu sóðar vegna þess að þeir búi í köldu landi.⁶⁵ Þriðji hlutinn heitir „Þvottur og aðrar mentir“ þar sem segir frá því hvernig hreinum manni líði betur bæði til líkama og sálar ef hann þrífur sig reglulega og upp á það finnst Halldóri skorta mjög hjá löndum sínum. Einnig talar hann um salernisleysi til sveita sem „er þjóðarskömm og alsherjarviðbjóður í senn“ og bætir við: „Salernislaust heimili er brennimerkt eins og þjófabæli í augum siðaðra manna, og óvönduð salerni eru einhver hroðalegasti viðbjóður sem til er.“⁶⁶

⁶¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 71.

⁶² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 73.

⁶³ Halldór Guðmundsson 2006, bls. 248.

⁶⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 70.

⁶⁵ Um Huntington hefur margt verið ritað. Sjá t.d. Martin, Geoffrey J., *Ellsworth Huntington: His Life and Thought*, Hamden, CT: Archon Books, 1973; og yfirlitsgrein Ronald Ladouceur, „Ellsworth Huntington’s Fantastic Stories of Racial Superiority and Relative Humidity“ í *TextbookHistory*:

<http://www.textbookhistory.com/ellsworth-huntington-s-fantastic-stories-of-racial-superiority-and-relative-humidity/>. Sumarliði Ísleifsson sagnfræðingur hefur líka fjallað um Huntington í hinu íslenska menningarsamhengi, t.d. í blaðgreininni „Hvernig erum við? Ímyndir, sjálfsmyndir, gort og vanmetakennd“,

Lesbók Morgunblaðsins, 15. nóvember 2008, bls. 16.

⁶⁶ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 75.

Heiti fjórða kafla er „Tannskemdir og fúlmenska“ og þar fer skáldið á flug mikið um hversu Íslendingar kunna lítið varðandi tannhirðu og heldur því fram að eins og með annan þrifnað þá hafi þetta bein áhrif á líðan og hegðun manna og einnig að mörg stúlkan hafi ekki gengið út vegna slæmrar tannhirðu, því „stúlka með óhreinar og skemdar tennur er als ekki markaðshæf.“⁶⁷ Hann lokar kaflanum með þessari klausu:

Hefði ég efni á að gefa öllum íslendingum tannbursta, mundi ég gera þjóðinni meira gagn en þótt ég skrifaði handa henni ódauðleg ljóð. En nú hef ég ekki efni á að kaupa hundrað þúsund tannbursta, og bið menn að afsaka það. Ég verð að láta nægja að skrifa bók.⁶⁸

„Kvef og klæðaburður“ heitir fimmti kaflinn. Þar byrjar á að segja frá hrækingum sem eru hið versta mál og mikill ósiður að mati skrifara. Kemur hann síðar að klæðaburði og er óhætt að segja að þar sé Halldór á heimavelli, en hann lagði alla tíð mikla áherslu á að vera vel til hafður og í nýjustu tísku eins og sjá má af mörgum myndum sem til eru af honum. Barnabarn hans Auður Jónsdóttir segir frá því að hann hafi alltaf átt „falleg föt – og fína hatta, jafnvel þótt hann væri oft blankur á yngri árum.“⁶⁹ Hún segir líka að á efri árum hafi hann látið snyrta hár sitt vikulega hjá rakara.⁷⁰ Í *Alþýðubókinni* segir Halldór líka: „Stíll hvers manns er ævinlega fagurfræðilegt tákni, form sem skýrir frá samræðisauði – eða örbirgð – sálarinnar.“⁷¹ Ekki lætur hann sér nægja að fjalla um kvef og klæðaburð heldur snýr hann sér að því sem hann kallar „Þjóðmenningarlegt hneyksli“. Þar fjallar hann um húsakynni íslenskrar alþýðu, sem eru „stíllaus að utan sem innan, skjóllaus, köld, saggasöm, sóðaleg, þægindalaus, húsgagnalaus.“⁷² Það er alltaf athyglisvert að Halldór hugsar líka um stílinn, honum finnst það atriði jafngilt og önnur og kemur það alveg heim og saman við það sem hann ritar um klæðnað fólks. Í kaflanum sem heitir „Bættur hífylakostur“ bendir Halldór á úrlausn þessara mála. Þar lýsir hann því hvernig hann sjái fyrir sér húsnæði verkamannfjölskyldu sem byggt sé og útbúið af hinu opinbera, eða með styrk þess, enda sé nóg til handa öllum. „Hið eina sem oss vantar á þessari jörð er skynsamlegt stjórnarfar.“⁷³ Ekki er samt nóg að hafa hlýtt og gott húsnæði með eldhúsi, heldur þarf líka að huga að hinni andlegu spekt og vill Halldór því að

⁶⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 77.

⁶⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 78.

⁶⁹ Auður Jónsdóttir 2002, bls. 63.

⁷⁰ Auður Jónsdóttir 2002, bls. 62. Þetta staðfestir Auður amma hennar og segir í viðtali við Ólaf Ragnarsson að Halldór hafi aldrei keypt tilbúin föt út úr búð, heldur alltaf keypt efni og látið danskan skraddara sauma á sig. Sjá Ólafur Ragnarsson 2007, bls. 232–234.

⁷¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 80.

⁷² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 82.

⁷³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 84.

hver fjölskylda hafi hljóðfæri á sinu heimili, auk lítils safns úrvalsrita sem heimilisfólki beri að lesa sér til fræðslu.

Í síðasta kafla ritgerðarinnar sem Halldór nefnir „Niðurlag“ varar hann við „trúarvaðli“ og „ljóðarugli“ sem ekki geri nokkurt gagn. Heldur beri að bretta upp ermar og byggja hús, rækta garða og búa til ætan mat, ala upp börn og svo framvegis: „Það verður að lyfta þjóðinni upp úr hinni lamandi örbirgð, sem er afleiðing heimskulegs og illmannlegs stjórnarfars [...]“⁷⁴ Að því loknu geta menn farið „að leggja stund á heimspekina“.⁷⁵

Þvínæst beinir Halldór sjónum sínum að búskap á Íslandi, í samnefndri grein, og boðar þar aukinn ríkisrekstur og vitnar í Karl Marx þar sem maðurinn er „gerður markmið og þungamiðja allrar verandi.“ Segir hann að þarna sé um að ræða „einhverja róttækustu turnun viðmiðunargilda sem sögur fara af, og ríður í þverbága við hugsjónir hinnar kristnu menningar, sem skipaði guði í öndvegi [...]“⁷⁶ Halldór hefur þarna alveg snúið baki við kirkjunni og er tekinn til við að boða marxisma:

Nú þarf að kenna fólki að skilja þær megingreinar hinna nýu tíma, sem liggja beinast við, einsog þessa: Alþýða á alt. Einginn á neitt, nema fólkið, almenníngur. Einginn hefur rétt til þeirra hluta sem í heiminum eru, nema fólkið, almenníngur.⁷⁷

Hann segir að ríkið verði að miðla þessum gæðum og til þess að það sé rétt gert gangvart öllum almenningi þá þurfi að gera breytingar á stjórnarfari landsins: „Á hinum auvirðilega skrípaleik borgaralegrar skussapólítíkur verður auðvitað einginn endi fyren vísindalegur stjórnámálflokkur alþýðunnar hefur tekið alræði.“⁷⁸

Halldór vill skipta prestum út fyrir kennara í menningarmálum hverskonar og sér skáld og listamenn vel fallna til að gegna þessu starfi, en fyrst þarf að dusta af þeim frekju og loddarahátt og mennta þau til þess arna. Svo boðar hann að börn skuli alast upp á uppeldisheimilum þar sem börn stundi bóknám og leiki. Þetta sé fyrst og fremst gert til að bjarga börnum frá vondu heimauppeldi.

⁷⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 86.

⁷⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 86.

⁷⁶ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 89.

⁷⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 89.

⁷⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 90.

Saga barnaupveldis í foreldrahúsum er ljótari glæpakroníka og sorglegri en menn kunna yfirleitt að gera sér grein, og uppspretta flestra bölvu og harma sem nöfnum tjáir að nefna [...] Bindur ekkert enda á þessa sögu nema hið vísindalega uppeldi samvinnuríkisins.⁷⁹

Halldór boðar þarna alveg óhikað sósíalisma og setur manninn í stað guðs og segir það hreint út að um sé að ræða „gagngerða og skilyrðislausu uppreist“ gegn kristnidómi.⁸⁰

2.4 Myndlist og kvikmyndir

Í næstu ritgerðum fá tvö samtímalistform á baukinn. Halldór hefur mál sitt á því að þýða hluta úr verki eftir Oswald Spengler (1880–1936) sem var þýskur sagnfræðingur og heimspekingur. Það er frægasta bók Spenglers sem á frummálinu heitir *Der Untergang des Abendlandes*⁸¹ sem stendur Halldóri mjög nærri á þessum tíma. Halldór kallar hana „Hnignun Vesturlanda“ upp á íslensku.⁸² Bókin telur tvö bindi og kom það fyrra út 1918 og það seinna árið 1922. Verk þetta fjallar um hnignun vestrænnar menningar og vitnar Halldór oft í fræði Spenglers í ritgerðum þeim sem hann birtir í *Alþýðubókinni*.

Hvað eigum vér í dag undir nafninu list? Upplogna tónlist fulla af tilgerðarhávaða, upplogna málalalist fulla af bjánalegum, öfgakenndum auglýsingabrögðum, upplogna byggingarlist sem tíunda hvert ár grundvallar „nýjan stíl“ á formauðlegð umliðinna árþúsunda, þar sem hver hefur frjálstræði til að haga sér einsog honum sýnist, upplogna rúmtakslist (plastík) sem hnuplar frá Assyríu, Egyftalandi og Mexíkó.⁸³

Þegar Halldór er búinn að leggja grunnin með orðum Spenglers í stóra samhenginu, þá snýr hann sér að sinni persónulegu reynslu og segir frá því að hann hafi víða umgengist listamenn og hafi hann kynnst „hugsunarhætti þeirra allrækilega.“⁸⁴ Að þessu sögðu finnst honum hann hafa fullt vald til þess að spotta þá og þeirra vinnu. Hann lýsir myndlistarmönnum sem mála myndir og portrett eins og þeir séu hálfgerðir vitleysingar sem hafi hlegið að sér þegar hann benti þeim á að mun skynsamlegra væri að nota ljósmyndavél í stað blýants. Ekki fá þeir sem stunda höggmyndalist betri einkunn. Þeir hafa þann starfa helstan að gera innihaldslausar höggmyndir sem standa eiga í görðum ríkra kvenna. Áfram heldur hann að tala um

⁷⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 93–94.

⁸⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 96.

⁸¹ Sjá nánar: https://en.wikipedia.org/wiki/The_Decline_of_the_West

⁸² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 114.

⁸³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 98.

⁸⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 99.

nútímamyndlist og segir hana ekki standast samanburð við nýjustu ljósmyndataekni, því með þeirri tækni er hægt að sýna hlut eins og hann er, en ekki eins og einhverjum listamanni finnst að hann ætti að vera. Hann segist hafa staldrað við og virt fyrir sér auglýsingamynd þar sem fögur stúlka horfði út í bláinn. Var tilgangur auglýsingarinnar að selja sápu: „Og svo hátt kallaði myndin á mig að ég vissi ekki fyr en ég var farinn að bera hana saman við auglýsingamyndir fornkirkjunnar af sjálfri móður guðs.“⁸⁵ Hann heldur því síðan fram að bæði mynd af Maríu guðsmóður og mynd af sápu stúlkunni þjóni sama tilgangi. Annars vegar að láta kirkjuna hafa peninginn þinn eða þá hinsvegar sápuframleiðandann. Það mætti alveg trúa því að farið hafi um margan guðhræddan kaþólikkann að lesa þetta frá fyrrverandi klausturbúanum Halldóri Laxness. Hann bætir svo heldur í og segir að í stað krossdauða sem stóð áður á hverju götuhorni séu nú myndir af vindlingum og Wrigleys „togleðurtuggur“ í stað hins heilaga Grals og svo framvegis. Allt ber þetta þó að sama brunni – að selja mannfólkinu eitthvað. Bílar hafa auk þess gert landslagsmálverkið óþarft, því nú geta menn ekið út í sveit og notið náttúrunnar. Nútímataekni er að ryðja hinu gamla úr vegi. Áður þurftu menn að biðja til Maríu kvölds og morgna, en í dag nota menn sápu kvölds og morgna í stað þess að biðja til guðsmóðurinnar. Þessu næst talar Halldór um list og lygi og eyðir heilmiklu plássi í að tala illa um franska myndhöggvarann Auguste Rodin⁸⁶ en verk hans „eru falsaðar stælingar einskisnýtra hugmynda sem helst eiga heima í úreltri ljóðagerð.“⁸⁷ Þarna tekur Halldór fyrir frægan og virtan listamann og gerir lítið úr honum, ekki ósvipað og þegar hann fjallaði um Knut Hamsun í ritgerðinni „Bækur“.

Síðasti kafli ritgerðinnar fjallar um listamanninn Einar Jónsson sem hann líkir við rússneska rithöfundinn og sósíalistann Maxim Gorkí.⁸⁸ Halldór talar þarna um byltinguna í Rússlandi sem „hin heillavænlegustu þáttaskifti sem enn hafa orðið í sögu mannkynsins“.⁸⁹ Hann segir að þegar að alþýðan hefur tekið öll völd þá munu menn eins og þeir Gorky og Einar Jónsson verða metnir að verðleikum. Hvað Einar varðar er hann að öllu leyti ólíkur Rodin að mati Halldórs og sparar hann ekki lofið gagnvart honum og verkum hans. Hann segir list hans

⁸⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 108.

⁸⁶ Af nýlegum ævisögum um Rodin má nefna 800 blaðsíðna verk Frederic V. Grunfeld: *Rodin: A Biography*, Boston, MA: Da Capo Press, 1998.

⁸⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 113.

⁸⁸ Æviminningar Maxim Gorki (skrifaðar á árunum 1913-1923) hafa komið út á íslensku í þýðingu Kjartans Ólafssonar. Þær heita *Barnæska mín* (Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt Reykjavík, 1947); *Hjá vandalausum* (Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt Reykjavík, 1950) og *Háskólar mínir* (Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt Reykjavík, 1951)

⁸⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 116.

sprottna úr náttúru Íslands og vera hluti hennar. List hans er laus við allt fals og yfirlæti og vill Halldór að tröllauknar afsteypur mynda hans verði reistar í bæjum og þorpum Íslands.

Og enga mynd hef ég séð sem talaði máli hins sterkasta og viðkvæmasta í íslenskum brjóstum ljósara og máttugar en „Útilegumaður“ Einars Jónssonar, og væntir mig þess að margur íslendingur hafi svipaða sögu að segja [...] Barátta mannsins, leit hans eftir æðri gildum og raunir mannkynsins allar eru endurprentaðar í þessu íslenska útilegumannsandliti.⁹⁰

Halldór beinir því næst orðum sínum að kvikmyndagerð í Ameríku og er honum mikið niðri fyrir hvað þau mál varðar. Hann hefur grein sína „Kvikmyndin ameríska 1928“ á að hneykslast á löndum sínum fyrir að flykkjast á kvikmyndir þessar í stað þess að njóta verka íslenskra listamanna: „Og þjóðin leggur árlega í vasa andlausra og menntunarsnauðra kvikmyndamilljónunga í Hollywood meira fé fyrir þessa ælu þeirra en hún hefur lagt af mörkum til íslenskra snillínga frá því er land bygðist [...].“⁹¹ Hann segir framleiðslu þessa vera stóriðju sem rekin sé af auðjöfrum á Wall Street, og rétt eins og dagblöðin sem þeir gefa út sé tilgangurinn að viðhalda heimsku mannfólksins. Máli sínu til stuðnings vitnar Halldór í einkasamtal sitt við Upton Sinclair sem sagði: „Kvikmyndin er eitt hótmyndnasta tæki forráðastéttarinnar til þess að halda fjöldanum í heimsku og þrældómi.“⁹² Máli sínu til frekari stuðnings tekur Halldór fyrir kvikmyndagerðamanninn Cecil B. DeMille og nokkrar kvikmyndir hans og finnur hann þeim flest til foráttu og segir að „í Bandaríkjunum er jafnmikil helgi höfð á dellunni úr Cecil B. de Mille einsog jórturtuggu Wrigley eða amerísku stjórnarskránni.“⁹³ Þarna ræðst Halldór ekki á garðinn þar sem hann er lægstur, ekki frekar en þegar hann ræðir um Knut Hamsun eins og áður er hér um getið. Cecil B. DeMille kom að yfir áttatíu kvikmyndum á sinum ferli, bæði sem leikstjóri og framleiðandi, og fengu sex þeirra Óskarsverðlaun. Hann hlaut einnig fyrstur manna heiðursverðlaun Golden Globe hátíðarinnar og hafa þau síðan verið kennd við hann og þykir mikið hnoss að hljóta þau.⁹⁴

Ekki er þó allt alvont í amerískri kvikmyndagerð. Halldór hefur komið auga á „afburðamann innan um allan þennan auvirðilega kvikmyndaskríl“:

⁹⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 118.

⁹¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 119–120.

⁹² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 124.

⁹³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 132.

⁹⁴ Eina bestu greininguna á áhrifum DeMille í bandarískri kvikmyndasögu má finna í nýlegri ævisögu Scott Eyman, *Empire of Dreams: The Epic Life of Cecil B. DeMille*, New York: Simon & Schuster, 2010.

Fram til þessa dags er *Charles Chaplin* eini höfundurinn í ameríska kvikmyndaheiminum, sem grundvallar verk sín á lifandi þátttöku í kjörum afhraksins og ást á málstað lítilmagnans, en ekki hatri á skrílnum. Í öllum þroskaðri verkum hans er sama uppistaðan: *sampínung*. Í brosi Charles Chaplins og gaungulagi birtist harmleikur hins útskúfaða frá upphafi veraldar; þar hefur hin tregafulla lífskend enn einu sinni holdgast í meistara.⁹⁵

Halldór Laxness nefnir einnig þrjá leikara sem honum þykir nokkuð varið í og eru það Þjóðverjinn Emil Jannings, John Barrymore frá Ameríku og hin sænska Greta Garbo sem hann er mjög hrifin af og hugsaði sér að hún gæti leikið Sölku Völku í kvikmynd.⁹⁶

2.5 Af amerískum siðum

Næst fær ameríska þjóðin að heyra það óþvegið. Í ritgerðinni „Skemmtigarðarnir í San Francisco“ segir Halldór gæði jarðarinnar nægileg fyrir alla og að ef að menn hafi ekki nóg til hnífs og skeiðar þá eigi þeir hinir sömu að „safnast í hópa og ræna og rupla öllu sem hönd nær til“.⁹⁷ Þarna er við auðvaldið að sakast sem lýgur öreigana fulla og auðtrúa Ameríkumenn trúu öllu því sem það heldur fram. „Enginn verkamaður er skilningslausari á vitjunartíma sinn en hinn ameríska, enda meira fé sóað í að ljúga hann fullan en nokkurt auðvald annarsstaðar hefur tök á að eyða. Amerískir verkamenn sækja jafnvel kirkjur, einsog svertingjar í trúboðsstöðunum í Afríku og auðvaldskellíngar.“⁹⁸

Einnig vísar Halldór í Upton Sinclair einu sinni sem oftast og það sem hann hefur að segja um ameríska verkamenn. Eini hópur manna sem hann lýkur lofsorði á í grein þessari „voru fáein bláfátæk skáld, vísindamenn, listamenn og rithöfundar.“⁹⁹ Þessi grein er að því leyti merkileg að þarna er hann í raun að lýsa því hvernig hann varð sósíalisti. Hann ritar í formála annarrar útgáfu *Alþýðubókarinnar*: „Það er athyglisvert að ég varð ekki sósíalisti í Ameríku af lestri sósíalistiskra fræðirita, heldur af því að virða fyrir mér soltna atvinnuleysingja í skemmtigörðum.“¹⁰⁰

⁹⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 133.

⁹⁶ Sjá nánar um Grétu Garbo og hugmyndir Halldórs Laxness varðandi hana: Halldór Guðmundsson 2006, bls. 230–231 og 240–242.

⁹⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 142.

⁹⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 146.

⁹⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 145.

¹⁰⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 13.

Laxness segir því næst í greininni „Inngangur að rannsókn á orsökum glæpa“ frá erindi sem hann hlustaði á og fjallaði um glæpi. Flytjandinn var „háæruverðugur háyfirdómari úr háyfírréttinum í Kaliforníu með yfirskegg eins og púðluhundur“.¹⁰¹ Hæðnin leynir sér ekki í upphafi greinarinnar, enda finnst Halldóri ekkert til um niðurstöður dómarans sem hljóða svo: „Aðalráðið sem hann sá að lokum til að draga úr glæpseminni í landinu var að betra fólk hampaði minna auðæfum sínum fyrir alþýðu.“¹⁰² Halldór segir að til að afgangavæða samfélagið þurfi að breyta skipulagi þess og að til þess þurfi byltingu. Í framhaldinu beinir hann orðum sínum til Íslendinga sem margir eru áfram um að byggja nýtt fangelsi. Það finnst honum vera að byrja á öfugum enda. „Atvinnuleysi, örbirgð, uppeldisleysi, þekkingarleysi, sálarveilur og aðrar orsakir glæpa mínka ekki þótt bygt væri eitt tukthús á hverja kirkju á Íslandi.“¹⁰³ Hann vill með öðrum orðum byrja á því að hugsa um börnin og setja á laggirnar uppeldishæli fyrir þau. Ef að börn fái að ganga um sjálfala og uppeldislaus, þá sé um leið verið að búa í haginn fyrir róleysi og glæpi. Halldór sótti fleiri samkomur meðan á dvöl hans í Ameríku stóð og í grein sem heitir „Spámenn og meistarar í Kaliforníu“ segir hann frá boði sem hann fór í hjá The American Society of Pen-Women sem hann kallar upp á íslensku „Pennakvennafélagið“. Þar var maður að nafni Manly P. Hall að kynna nýja bók sína. Ekki þykir Halldóri mikið til um bók þessa eða höfundinn „sem frægur er um þvera álfuna fyrir að hafa uppgötvað lausnina á ráðgátum tilverunnar.“¹⁰⁴ Ekki finnst honum þó allt slæmt: „Frá prentiðnaðarsjónarmiði virtist bókin allmikil gersemi.“¹⁰⁵ Speki þessa manns er fyrir Halldóri gamaldags og gölluð þar sem honum finnst vera troðið á sjálfsögðum mannréttindum.

Mannréttindi eru einnig til umræðu í ritgerðinni „Syndin“. Þar segir hann frá samtali sínu við meþódistaprest nokkurn og ræða þeir Halldór skilgreiningu á hugtakinu. Grein þessi er að því leyti merkileg að þarna ræða saman prestur og maður sem áður lofaði guð sinn í klaustri og sýnir hún vel hversu Halldór Laxness var orðinn afhuga guðstrúnni sem hann sökkta sér í áður. Enn og aftur stillir hann upp verkamanni og auðkýfingi og notar hann John D. Rockefeller sem dæmi um hinn síðarnefnda, sem bæði tilheyrði kirkju Meþódistanna og var

¹⁰¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 147.

¹⁰² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 148.

¹⁰³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 150.

¹⁰⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 185.

¹⁰⁵ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 185. Rétt er að geta þess að Manly P. Hall var virtur heimspekingur og fyrirlesari. Hann skrifaði margar bækur og er bók hans *An Encyclopedic Outline of Masonic, Hermetic, Qabballistic and Rosicrucian Symbolical Philosophy: Being an Interpretation of the Secret Teachings concealed within the Rituals, Allegories and Mysteries of all Ages* frægust, en það er sú hin sama og Halldór Laxness skoðaði á fundinum hjá Pennakvennafélaginu. Sjá nánar: https://en.wikipedia.org/wiki/Manly_Palmer_Hall

ríkastur allra manna á jörðinni.¹⁰⁶ Þeir ræða saman um getnaðarvarnir og óskilgetin börn en hvoru tveggja eru að mati prestsins óguðlegir hlutir, en Halldór er á öndverðri skoðun., og talar um mannréttindi í því sambandi. Hann segir að fræða eigi um getnaðarvarnir svo þær verði jafnsjálfsagður hlutur og að bursta í sér tennurnar og hvað hjónabönd og barnsfæðingar varðar segir hann:

Hvort sem mannanna börn eru „skilgetin“ eða „óskilgetin“ þá koma þau öll til á þennan eina sanna kristilega hátt, og sé munur á mönnum eftir því hvort þeir eru skilgetnir eða óskilgetnir, þá hafa hinir síðari betur, enda fátt trúlegra en að óskilgetið barn sem varð til í hamingjusamri skemmtiferð uppí sveit sé betra mannsefni en rolníngur getinn í hálfvolgu skylduhjónabandi og slæmu hjónarúmi suðrí Firði. Hjónabandið er a. m. k. síst trygging fyrir líffræðilegu ágæti niðjanna.¹⁰⁷

Þarna gæti Halldór verið að vísa í eigin reynslu en þarna átti hann sjálfur litla stúlku, Sigríði Maríu Elísabetu, sem getin var í danskri sveit um hásumar árið 1922. Það skín í gegnum þessar greinar Halldórs að honum er umhugað um að setja manneskjuna í fyrsta sætið. Það þarf umfram allt að hlúa að henni, bæta kjör hennar og aðstæður, en láta guðstrú og gamaldags heimspeki lönd og leið.

2.6 Karl, kona, barn

Greinin „Karl, kona, barn“ er ein sú lengsta í *Alþýðubókinni* og skipti Halldór henni í níu kafla. Hann byrjar á að lýsa upplifun sinni á lífi efnaðs fólks í Los Angeles sem felst aðallega í því að karlarnir vinna og eiginkonur þeirra dæsa fram að hádegi. Eftir hádegið taka þær til við að snyrta sig en „allar konur þessarar stéttar eru þjálfaðar í fegurðarrækt frá blautu barnsbeini.“¹⁰⁸ Hann segir að konur þessar séu ómenntaðar í öðru en því sem snýr að fegurðarrækt, hvers takmark er „aukning hins kynferðilega aðdráttarafls.“¹⁰⁹ Niðurstaða Halldórs er að konur af betri borgarastéttum séu í raun „algerðasta skækjutegund sem tekist hefur að rækta.“¹¹⁰ Hann er ekki að skafa utan af hlutunum frekar en fyrri daginn og segir að hjónaband sem eingöngu sé byggt á kynferðislegum samdrætti gangi aldrei upp. Til þess að

¹⁰⁶ Samkvæmt fjármálaritinu *Forbes* var John D. Rockefeller sennilega ríkasti maður jarðarinnar bæði fyrr og síðar. Sjá nánar: <http://www.forbes.com/sites/carlodonnell/2014/07/11/the-rockefellers-the-legacy-of-historys-richest-man/> Sjá einnig nýlega ævisögu Ron Chernow, *Titan: The Life of John D. Rockefeller, Sr.* New York, Vintage 1998.

¹⁰⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 158.

¹⁰⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 161.

¹⁰⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 162.

¹¹⁰ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 163.

hjónaband gangi upp þarf bæði „andleg teingsl“ og „menningarlega sameign“. Af þessum sökum er Halldór fylgjandi því að menn og konur eigi að njóta stundarásta en ekki láta teyma sig í óhamingjusamt hjónaband af þeim sökum og nefnir enn að kona sé ekki frjáls fyrr en hún kunnir allt um getnaðarvarnir. Hann segir að ein sönn ást sé hégilja og varar við öllum hugmyndum um meydómsdýrkun og segir loks að smekkur okkar breytist sem og kröfur og langanir. Það eigi líka við hvað varðar samband karls og konu.

Þvínæst snýr Halldór sér að málefnum barna og uppeldi þeirra og telur hann heillavænlegast að fara að fordæmi Rússa í þeim efnum. Þar eru börn höfð saman á stórum heimilum og eru þau „búin þar undir að ganga út í lífið sem starfshæfir og mentaðir unglíngar.“¹¹¹ Hefðbundnir skólar eru honum ekki að skapi og sparar hann ekki stóru orðin. Hann segir þá vera kúgunartæki þar sem fram fari ítrodsla fræðigreina sem geri skólanemendur að fíflum.

Hjá skólakennurum eða prófessorum hættir öllum þeim tegundum roluháttar sem fjarlægastar eru lífinu til að sameinast: fjarhygli, þurdrumbshætti, rembíngi, naglaskap [...] Veikgeðja fólk sem leingi stundar skólanám verður að ístöðulitlum aumíngjum ævilángt; fjöldi fer með sig á drykkjuslarki [...]¹¹²

Þetta leiðir hugann að því að Halldór kláraði ekki sitt menntaskólanám, heldur var með hugann við allt önnur mál: „[...] hann var uppfullur af þeirri ókyrrð sem grípur skapandi fólk þegar því finnst það vera að sóa tíma sínum [...]“.¹¹³ Kann þetta að skýra að einhverju leyti álit hans á hefðbundnum skólum, en að þetta muni allt lagast með tilkomu öreigarfíkisins eins og svo margt annað.

Síðasti kafli greinarinnar fjallar um hvernig og hvað eigi að kenna börnum. Telur Halldór þar upp ýmis atriði svo sem náttúrufræði og að kunna að meta fegurð lista og þá sérstaklega tónlistar. Síðast en ekki síst fjallar hann um jafnrétti kynjanna. Það er nokkuð sorglegt að orð Halldórs um þau mál eiga á ýmsan hátt jafnvel við í dag, tæpum níutíu árum eftir að hann setti þau á blað. Hann ritar meðal annars:

Piltum og stúlkum á jafnt að kenna öll hversdagsleg störf, matreiðslu, jarðrækt, garðyrkju, skepnuhirðingu, iðnað, þvottavinnu, véltækni, og gera auðvitað eingan mun verkaskiftíngar eftir kynjum. Piltar eiga engu síður að læra matreiðslu, saumaskap og þvotta en stúlkur, og stúlkur eiga að læra jarðrækt og skepnuhirðingu alveg eins og

¹¹¹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 176.

¹¹² Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 181.

¹¹³ Halldór Guðmundsson 2006, bls. 46.

piltar [...] Það á að stefna að verklegu sem uppeldislegu jafnræði kynjanna. Það er ekkert því til fyrirstöðu að stúlkur taki sér jörð og fari að búa, rækti garða, rækti tún, hafi kýr og kindur, fari á sjó. Alt þetta gerði amma mín.¹¹⁴

Ég er nokkuð viss um að í þessum efnum var Halldór Laxness á undan sinni samtíð eins og í mörgum öðrum.

2.7 Meistararnir í Austurlöndum og vér

Í síðustu tveimur köflum bókarinnar fjallar Halldór Laxness um trúarbrögð. Hann segir það sína skoðun að fullkomnasta trúarbragðakerfi í heiminum sé kerfi rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Það breyti því þó ekki að það eins og önnur trúarbrögð séu úrelt vísindi. Hann nefnir að sér til skelfingar hafi íslenskur prestur verið að skrifa lofsamlega um nýmóðins trúarrit eftir Baird T. Spalding. Hann getur þess jafnframt að prestur þessi sé menntaður við Háskóla Íslands.¹¹⁵ Halldór fer mörgum ófögurum orðum um Spalding þennan og rit hans. Jafnframt blæs hann á allt kraftaverkatal og finnst lítið til þess koma að geta gengið á vatni, þegar að hægt er að láta fara vel um sig um borð í skipi. Laxness nefnir enn og aftur hversu illa gefnir Ameríkumenn eru og hversu ginkeyptir þeir eru fyrir nýjum trúarbrögðum sem hafa þann einan tilgang að hafa út úr þeim fé:

Í landi þar sem verið er að berja og skjóta og dauðadæma úttaugaða verkamenn, svelta snillínga, kvolast með mannvini í tukthúsum, - þar fellur útflúraður þvættíngur um kraftaverk og kristsvitund í góðan jarðveg, en allir biðja guð að forða sér frá því að skilja að grundvöllun vísindalegs þjóðskipulags er frumskilyrði til meiri auðnu mannkyns.¹¹⁶

Þarna á hann við að í krafti peninga geti auðjöfrar Ameríku ráðskast með þá sem þeir telja hættulega sér á einhvern hátt. Halldór segir að í þannig samfélögum sé trúarbrögðum mjög haldið fram, enda læri ríkir menn af starfi kirkjunnar sem sé í senn stórgróðafyrirtæki og með yfir þúsund ára reynslu í auglýsingalist. Áfram heldur hann á þessum nótum en í síðasta kafla *Alþýðubókarinnar* fjallar Halldór Laxness um trú og teflir skynsemi gegn henni. „Trú getur verið bæði ill og vitlaus hversu heilög sannfæring sem fylgir henni, og einginn góður maður

¹¹⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 183.

¹¹⁵ Það nefnir hann sennilega ekki prestinum til framdráttar, sbr. skrif hans um Háskóla Íslands í grein sinni „Bækur“ og lesa má um hér að framan. Prestur sá er um ræðir hét Friðrik A. Friðriksson og spretta af þessu máli ritdeilur sem fram fóru á síðum tímaritsins *Heimskringlu* árið 1927.

¹¹⁶ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 196.

hefur rétt til að bera virðingu fyrir slíku.¹¹⁷ Hann segir þarna frá afskiptum sínum af trúmálum og segist orðinn alveg fráhverfur þeim, að hann hafi skrifað sig frá trúnni með *Vefaranum mikla frá Kasmír*. Hann fór til klaustursins í Clervaux tveimur og hálfu ári eftir að hann gekk þar síðast út og ræddi mikið við föður Beda sem var lærifaðir hans þar, en Beda taldi hann alltaf til sinna bestu vina. „Þegar ég kvaddi hann í hinsta sinn kvaddi ég sjálfan mig til nýs lífs. Má vera að þær kveðjur hafi verið mesti atburðurinn í lífi mínu.“¹¹⁸ Niðurstaða Halldórs er að trúin á manninn er það sem öllu máli skiptir:

Maðurinn er fagnaðarboðskapur hinna nýu menningar, maðurinn sem hin fullkomnasta líffræðileg tegund, maðurinn sem félagsleg eining, maðurinn sem lífstákn og hugsjón, hinn eini sanni maður, – þú.¹¹⁹

¹¹⁷ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 197.

¹¹⁸ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 205.

¹¹⁹ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 206.

3 Meginstef Alþýðubókarinnar

Margir þræðir eru í *Alþýðubókinni* en mest áberandi er sá sem lítur að því að benda á að íslensk þjóð gæti haft það miklu betra en hún hefur og nefnir Halldór Laxness ýmsa hluti sem betur mega fara. Lítur hann í því sambandi mikið til Sovétríkjanna en hann telur stefnu og skipulag sósíalista vera til fyrirmyndar og segir að alþýða Íslands þurfi að rísa upp gegn valdhöfum og taka stjórnina í eigin hendur. Hann notar iðulega samanburð við Ameríku og bendir á það sem honum þykir verst í þjóðskipulagi þeirra og er hann ekkert að spara stóru orðin í því samhengi. Hann telur Ameríkumenn vera auðvaldsinna og að þar sé níðst á alþýðufólki og allt þar stefni að því að gera þá ríku ríkari.

Óhætt er að segja að sú trú og þær væntingar sem Halldór Laxness lagði á fyrirkomulag sósíalista í Sovétríkjunum á þeim tíma sem hann ritar greinarnar hafi í raun reynst honum vonbrigðin ein. Hann lýsir þessum vonbrigðum sínum meðal annars í minningarbók sem hann nefndi *Skáldatími* og kom fyrst út árið 1963:

Stærsta axarskaft okkar vinstri-sósíalista fólst í trúgírni. Það er í flestum tilfellum meiri glæpur að vera auðtrúa en vera lygari. Við höfðum hrifist af byltíngunni og bundum vonir okkar við sósíalisma. Sannur tómas trúir hins vegar ekki að lausnarinn hafi risið upp þó hann þreifði á naglaförunum og síðusárinu. Við trúðum ekki þó við tækjum á því hvílíkt þjóðfélagsástand var í Rússlandi undir Stalín. Við trúðum ekki af því aðrir lygju að það væri gott, heldur af því að við lugum því að okkur sjálfir. Afneitun staðreynda fylgir oft dýrmætustum vonum manna og hugsjónum.¹²⁰

Honum er tamt að nota sterkar andstæður til að koma máli sínu til skila, samanber Knut Hamsun, Cecil B. DeMille og Rodin og teflir fram íslenskum skáldum og listamönnum í staðinn. Má þar nefna bæði myndhöggvarann Einar Jónsson og náttúrufræðinginn og skáldið Jónas Hallgrímsson. Halldór tileinkar Jónasi meira að segja heila grein í bókinni og telur hann þar besta skáld Íslands.

Í greinasafni sínu fjallar Halldór mikið um trú og trúmál og er honum mikið niðri fyrir í þeim efnum. Hann segist sjálfur alveg genginn af trúnni og varar hann fólk almennt við henni. Hann segir kirkjuna sama marki brennda og auglýsingaskrum nútímans. Megintilgangur sé að hafa af fólki peninga og hika hann hvorki við að líkja Maríu mey við stúlku sem auglýsir sápu eða að segja það fáránlegt að Jesú hafi verið eingetinn. Ástæða þess að hann heldur

¹²⁰ Halldór Laxness 1999. Hér tekið úr 3. prentun annarrar útgáfu, bls. 303.

Þessu fram er sú að hann vill að menn hugsi skynsamlega og beiti rökhugsun í sínu lífi en láti ekki mata sig hugsunarlaust af yfirvöldum sem eingöngu hugsa um sig sjálf. Með öðrum orðum þá vill hann að almenningur skipti út trú fyrir skynsemi og hugsi heimsmynd sína með tilliti til dagsins í dag en ekki með gömlum óbreytanlegum kreddum.

Það er í þessum anda sem Halldór leggur leið sína til Kaliforníu. Hann ætlar sér að skrifa handrit að kvikmyndum í Hollywood. Hann lítur á kvikmyndina sem hina nýju frásagnartækni og er hann í fyrstu alveg heillaður af henni. MGM – kvikmyndaverið hugleiddi að framleiða kvikmynd eftir sögu Halldórs sem hann kallaði „A Woman in Pants“ og átti að taka myndina upp á Íslandi. Einhverra hluta vegna fór þetta verkefni út af sporinu og varð það þess valdandi að Halldór gerðist afhuga því að reyna að ná frekari frama í Hollywood og snýr sér að ritun greina sem síðar enduðu í *Alþýðubókinni*. Fyrirnefnd handritsdrög notaði hann síðar sem efni í fyrstu stóru skáldsögu sína, *Sölku Völku*.¹²¹ Ekki er óraunhæft að ætla að atburðir þessir skýri álit hans á amerískum kvikmyndum árið 1928.¹²² Í formála við aðra útgáfu *Alþýðubókarinnar* sem ritaður er 1945 segir Halldór að sér hafi verið skapi næst að strika þessa kvikmyndagrein alveg út úr bókinni:

[...] ef ég hefði ekki eftir meira en fimtán ára hvíld lent aftur í þeirri þrekraun að horfa uppá ameríska kvikmynd, og uppgötvað að enn var verið að framleiða í því góða landi samskonar afurðir og ég hafði verið að hneykslast á 1928, enn sama andlega örbirgðin, sama fullkomna getuleysið til listrænnar tjáníngar, sami skrílslegi dónaskapurinn íklæddur ljósmyndataekni. Ég sá að ameríkumenn eru nákvæmlega jafnfjarri því og 1928 að geta komist í tölu menníngarlegra forustuþjóða meðan þeir þeysa slíka spýu yfir heiminn; og úr því aðalframlag ameríkumanna til heimslistar er enn af þessu tagi, þá er betra að lofa kvikmyndagreininni frá 1928 að standa.¹²³

Af þessu má draga þá ályktun að hefðu upphaflegar hugmyndir Halldórs um að verða handritshöfundur í Hollywood gengið eftir, þá væri álit hans eflaust annað en fram kemur í grein hans um þennan málaflokk.

Hann fjallar mikið um þjóðerni og upphafur margt sem íslenskt er. Má þar nefna íslenska sveitabæinn, íslenska vísnahefð, íslenskar kynjasögur og álit hans á fólksflutningum til Vesturheims. Þarna var Halldór búinn að ákveða að hann ætlaði sér að vera íslenskt skáld,

¹²¹ Tekið og þýtt úr grein eftir Björn Þór Vilhjálmsson: „Modernity and the moving image: Halldór Laxness and the writing of „The American Film in 1928““.

¹²² Halldór Guðmundsson talar um ósigur í þessu sambandi, en lesa má nánar um dvöl Halldórs Laxness í Ameríku í *Halldór Laxness Ævisaga* 2006, bls. 215–261.

¹²³ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 12.

þjóðskáld, og má ætla að þjóðernisumfjöllun hans beinist að því marki. Það er athyglisvert að hann notar ljóðlínur¹²⁴ sem hann birti fyrst í ritgerðinni „Bækur“ þegar hann ávarpar landsmenn sína frá skipsbrú heimkominn með Nóbelsverðlaunin í farteskinu eins og áður var hér minnst á. Það má draga þá ályktun að strax við ritun *Alþýðubókarinnar* hafi metnaður hans til að verða þjóðskáld verið vakinn. Guðmundur Andri Thorsson segir að þjóðskáld 19. aldar hafi getað „ávarpað í ljóðum sínum gjörvalla þjóðina og sagt henni frá hugmyndum sínum um það sem til framfara og heilla horfði.“¹²⁵ Þessi lýsing getur alveg átt við greinaskrif Halldórs í *Alþýðubókinni*, og fellur hún vel að því sem Jón Helgason prófessor skrifar um þá sömu bók:

[...] hún mun jafnan verða talinn vitnisburður um merkileg tímamót í sögu höfundar sem aldrei hefur látið sinn hlut eftir liggja að ræða vandamál líðandi stunda með einarðlegum og sérkennilegum hætti og aldrei taldi það hlutverk skálda að einangra sig frá stríðandi lýði, heldur vildi berjast fyrir fegra og bjartara mannlífi.¹²⁶

Halldór Laxness minnst alloft á stíl í ritgerðum sínum. Fyrirferðamest er umfjöllun um stíl í bókum, en einnig ræðir hann um stíl húsbygginga, umhirðu líkamans sem og fatnað. Það er því dálítið spaugilegt, þegar vitað er hversu Halldór Laxness hugsaði ávallt vel um útlit sitt og klæðaburð, að lesa frásögn fyrri konu hans Ingibjargar Einarsdóttur af því þegar að hún ákvað að fara með honum í kröfugöngu þann 1. maí í fyrsta sinn:

En þegar við förum að búa okkur út drífur Halldór sig í eldgamlan og skítugan rykfrakka og mig í svo andstyggilega druslu að ég gleymi því aldrei. Ég fór í þetta sinn, en ég skammaðist mín, því ég var alltaf vel klædd og hann líka, hvort sem við vorum fjáð eða blönk. Ég lét ekki oftast dubba mig upp í garma sem ég hafði átt fyrir mörgum árum, og ég sagði við hann hreint út: „Í svona falserí færðu mig ekki aftur.“¹²⁷

Alla tíð setti Halldór fram skoðanir sínar óhikað, með þeirri ritsnilld og mælsku sem honum var lagið. En hann var einnig óhræddur við að skipta um skoðun á mönnum og málefnum, ef vindar blésu þannig. Þekktur er viðsnúningur hans til kristinnar trúar og viðhorf hans til sósíalisma. Það var sannfæring hans að menn ættu að hafa fullt frelsi til að skipta um skoðun,

¹²⁴ Halldór Kiljan Laxness 1955, bls. 36.

¹²⁵ Guðmundur Andri Thorsson 1992, bls. 9. Guðmundur Andri fjallar þarna um þjóðskáld 19. aldar í ljóðgerð, en nefnir einnig tvo 20. aldar lausamálshöfunda, þá Laxness og Þórberg.

¹²⁶ Jón Helgason í formála fjórðu útgáfu *Alþýðubókarinnar* 1955, bls. 10.

¹²⁷ Silja Aðalsteinsdóttir 1987, bls. 124.

ef svo bæri undir, eins og fram kemur í skrifum hans um *Alþýðubókina* síðar á ævinni: „Þetta var nú einusinni saungur tímans – og einginn neitar heimssögugildi þess saungs.“¹²⁸

¹²⁸ Halldór Laxness 1999, bls. 53.

4 Niðurlag

Halldóri Laxness er mikið niðri fyrir þegar að hann ritar greinarnar í *Alþýðubókinni* og hefur eins og hér hefur verið rakið sterkar skoðanir á ýmsum stórmálum. Helsta markmið hans er þó að boða réttlátara stjórnarfar og telur hann þar sósíalisma bestan kost. Hugmyndafræðin þar að baki er fögur, þó reyndin hafi verið önnur í Rússlandi, þar sem Halldór taldi fyrirmyndaríkið vera. Það að allt samfélagið eigi jafnan rétt til auðlinda með það markmiði að koma í veg fyrir efnahagslegt misrétti og stéttaskiptingu er mjög göfugt markmið, en þegar til kom að framkvæma hugmyndirnar, þá fór allt á verri veg og hefur Halldór Laxness svarað að einhverju leyti fyrir þá hluti síðar á æviskeiði sínu. Halldóri er mjög í mun að leiðbeina löndum sínum, segja þeim til syndanna og ala þá upp, en bendir jafnframt á aðra kosti sem hann telur betri.

Það er margt í þessum greinum, svo sem jafnréttismál kynja og krafa um jöfn lífsgæði, sem á vel við enn þann dag í dag. Hætt er við að ýmislegt annað myndi þykja miður fínt eins og hugmyndir um barnauppeldi og skólamál svo dæmi séu tekin. Þarna segir ungur maður fullur af hugsjónum frá og beitir til þess færni sinni í ritlist. Halldór Laxness notar iðulega stórar og miklar andstæður máli sínu til stuðnings og er ekkert banginn við að halda fram eigin ágæti, sem síðar átti eftir að koma í ljós að hann stóð fyllilega undir.

5 Ritaskrá

Auður Jónsdóttir. *Skrýtnastur er maður sjálfur: Hver var Halldór Laxness?* Reykjavík: Mál og menning, 2002.

Árni Sigurjónsson. *Laxness og þjóðlífið: Frá Ylfíngabúð til Urðarsels*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987.

Björn Þór Vilhjálmsson. „Modernity and the moving image: Halldór Laxness and the writing of „The American Film in 1928.“ *Journal of Scandinavian Cinema* 1: 2 (2011): 135–158.

Chernow, Ron. *Titan: The Life of John D. Rockefeller, Sr.* New York, Vintage 1998.

Eyman, Scott. *Empire of Dreams: The Epic Life of Cecil B. DeMille*, New York: Simon & Schuster, 2010.

Gljúfrasteinn. „Endurnýjaði stórbrotna íslenska frásagnarlist“. Sótt 5. nóvember 2015. (http://www.gljufasteinn.is/is/halldor_laxness/nobelsverdlaun/endurnyjadi_storbrotna_islenska_frasagnarlist/)

Gljúfrasteinn. „Ævi og verk.“ Sótt 10. desember 2015. (http://www.gljufasteinn.is/is/halldor_laxness/vi_og_verk_halldors_kiljans_laxness/)

Gorkí, Maxim. *Barnæska mín*. Þýð. Kjartan Ólafsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt, 1947.

Gorkí, Maxim. *Hjá vandalausum*. Þýð. Kjartan Ólafsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt, 1950.

Gorkí, Maxim. *Háskólar mínir*. Þýð. Kjartan Ólafsson. Reykjavík: Bókaútgáfan Reykholt, 1951.

Grunfeld, Frederic V.: *Rodin: A Biography*, Boston, MA: Da Capo Press, 1998.

Guðmundur Andri Thorsson, ritstj. „Formáli“, *Þjóðskáldin*, Úrval úr bókmenntum 19. aldar, Reykjavík: Mál og menning, 1992.

Halldór frá Laxnesi. „Síðasta bók Hamsuns.“ *Morgunblaðið*, 15. september 1921.

Halldór Guðmundsson. *Halldór Laxness Ævisaga*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2004.

Halldór Guðmundsson. *Skáldalíf: Ofvitinn úr Suðursveit og skáldið á Skriðuklaustri*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2006.

Halldór Kiljan Laxness. *Alþýðubókin*, 4. útgáfa, Reykjavík: Mál og menning, 1955.

Halldór Kiljan Laxness. *Dagar hjá múnkum*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 2002.

- Halldór Kiljan Laxness. *Gjörningabók*, Reykjavík: Helgafell, 1959.
- Halldór Kiljan Laxness. *Þættir*, Reykjavík: Helgafell, 1977.
- Halldór Laxness. „Formálsorð“, *Bókin um veginn*, Stafafell, 1971.
- Halldór Laxness. *Kvæðakver*, Reykjavík: Acta, 1930.
- Halldór Laxness. *Og árin líða*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1987.
- Halldór Laxness. *Skáldatími*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1999.
- Jón Helgason. „Formáli“, *Alþýðubókin*, Reykjavík: Mál og menning, 1955.
- Kolloen, Ingar Sletten. *Knut Hamsun: Dreamer & Dissenter*, New Haven: Yale University Press, 2009.
- Kristín Svava Tómasdóttir. „Fabúlur HKL: Guðrún Elsa og Kristín Svava spjalla um Kristnihald undir jökli.“ *Druslubækur og doðrantar*. Sótt 15. júní 2014. (<http://bokvit.blogspot.com/2013/07/fabulur-hkl-bokaspjall-um-kristnihald.html#more>)
- Ronald Ladouceur, „Ellsworth Huntington’s Fantastic Stories of Racial Superiority and Relative Humidity“, *TextbookHistory*. Sótt 9. nóvember 2015. (<http://www.textbookhistory.com/ellsworth-huntington’s-fantastic-stories-of-racial-superiority-and-relative-humidity/>)
- Lao-Tse, *Bókin um veginn*, þýð. Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson, Reykjavík: Bókaverslun Guðm. Gamalíelssonar, Félagsprentsmiðjan, 1921.
- Lao-Tse. *Bókin um veginn*, þýð. og eftirmáli Jakob Jóhannesson Smári og Yngvi Jóhannesson, Halldór Laxness ritar inngang, Reykjavík: Stafafell, 1971.
- Martin, Geoffrey J. *Ellsworth Huntington: His Life and Thought*, Hamden, CT: Archon Books, 1973.
- O’Donnell, Carl. „The Rockefellers: The Legacy Of History’s Richest Man.“ Sótt 15. nóvember 2015. (<http://www.forbes.com/sites/carlodonnell/2014/07/11/the-rockefellers-the-legacy-of-historys-richest-man/>)
- Ólafur Ragnarsson. *Til fundar við skáldið Halldór Laxness*, Reykjavík: Veröld, 2007.
- Pétur Gunnarsson. *ÞÞ – Í fátæktarlandi*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2007.
- Pétur Gunnarsson. *ÞÞ – Í forheimskunarlandi*, Reykjavík: JPV útgáfa, 2009.
- Sigurður Kristófer Pétursson. *Hrynjandi íslenskrar tungu*, Reykjavík: Útg. Steindór Gunnarsson, 1924.

Silja Aðalsteinsdóttir. *Í aðalhlutverki Inga Laxness: Endurminningar Ingibjargar Einarsdóttur*, Reykjavík: Mál og menning, 1987.

Sumarliði Ísleifsson. „Hvernig erum við? Ímyndir, sjálfsmyndir, gort og vanmetakennd“, *Lesbók Morgunblaðsins*, 15. nóvember 2008: 16.

Wikipedia. „The decline of the West“. Sótt 14. nóvember 2015.
(https://en.wikipedia.org/wiki/The_Decline_of_the_West)

Wikipedia. „Wolfgang Müller von Königswinter“. Sótt 9. nóvember 2015.
(https://de.wikipedia.org/wiki/Wolfgang_M%C3%BCller_von_K%C3%B6nigswinter)

Yngvi Jóhannesson. „*Eftirmáli*“, *Bókin um veginn*, Stafafell, 1971.